



Stjórnarfundur Minjasafns Austurlands, haldinn í Safnahúsinu, Laufskógum 1 Egilsstöðum, þriðjudaginn 14. mars kl. 15:00.

Mætt: Björn Ingimarsson, Vilhjálmur Jónsson (í fjarfundi), Rannveig Þórhallsdóttir (í fjarfundi), Jóhann Hjalti Þorsteinsson (varamaður Tinnu Jóhönnu Magnusson) og Þórdís Sveinsdóttir.

Dagskrá:

1. Drög að ársreikningi
2. Dagsetning aðalfundar
3. Framtíðar rekstrarfyrirkomulag Minjasafns Austurlands
4. Framkvæmdir við Safnahús
5. Menningarstefna Múlaþings
6. Skýrsla safnstjóra
7. Önnur mál

1. Drög að ársreikningi

Drög að ársreikningi lögð fram til kynningar Elsa kynnti reikninginn og svaraði fyrirspurnum stjórnarmanna.

2. Dagsetning aðalfundar.

Stjórn Minjasafns Austurlands samþykkir að boða til aðalfundar 27. mars kl. 15.

3. Framtíðar rekstrarfyrirkomulag Minjasafns Austurlands

Björn fór yfir hugmyndir um að Múlaþing tæki við rekstri safnsins og að stofnað yrði fagráð sem færi með fagleg málefni þ.e. safnamál. Með því yrði byggðasamlagið lagt niður. Fram fór umræða um tækifæri og möguleika sem af breytingunum myndu leiða og um tilurð og sögu safnsins og breytingar sem orðið hafa í tímans rás. Stjórnin leggur áhersla á áframhaldandi gott samstarf sveitarfélaganna um safnið.

Stjórn samþykkir að beina því til aðildarsveitarfélaganna að breyta rekstrarfyrirkomulagi Minjasafns Austurlands og verði það niðurstaða þeirra að sveitarfélögin tilnefni 2 fulltrúa hvort í starfshóp um breytinguna en auk fulltrúa frá sveitarfélögunum starfi safnstjóri Minjasafns Austurlands með starfshópnum.

4. Framkvæmdir við Safnahús.

Elsa Guðný gerði grein fyrir undirbúning framkvæmda við viðbyggingu við safnahússins og m.a. kom fram að skipuð hefði verið að nýju byggingarnefnd og einnig að Stefán Bogi Sveinsson, héraðsskjalavörður, verði venslafulltrúi safnahússins við byggingarnefndina.

Stjórn Minjasafns Austurlands leggur áherslu á að undirbúningsvinnu og hönnun verði hraðað sem kostur er og þannig að útboð og framkvæmdir geti farið fram í samræmi við áætlanir þar um.

5. Menningarstefna Múlaþings

Elsa Guðný fjallaði um starfsstefnu Minjasafnsins sem sett hefur verið til fjögurra ára í senn en núverandi stefna er útrunnin. Fram fór umræða um undirbúning menningarstefnu fyrir Múlaþing og stöðu hennar gagnvart skipulagsáætlunum.

Stjórn Minjasafns Austurlands samþykkir að óska eftir upplýsingum um stöðu og framvindu gerðar menningarstefnu Múlaþings.

6. Skýrsla safnstjóra

Elsa Guðný fór yfir það sem hæst hefur borið í starfsemi safnsins frá síðasta fundi.

Meðal þess var aðkoma að hönnunarsmiðjunni Gersemar Fljótsdals, skipulagning Farskóla FÍSOS sem fram fór á Hallormsstað í september, safnfræðsluverkefni um álfkonudúkinn á Bustarfelli í tengslum við BRAS, opin hús og viðburðir í tengslum við Daga myrkurs og í aðdraganda jóla, safnfræðsla á aðventu og þorra, skráning muna á Lindarbakka á Borgarfirði, ýmis samstarfsverkefni, styrkveitingar og fleira. Þá kom hún inn á að gestafjöldi hefði aukist töluvert á milli ára, bæði meðal almennra gesta, gesta úr skemmtiferðaskipum og skólalópa. Þá vakti hún athygli á því að í ár erum 80 ár frá því að Minjasafn Austurlands var formlega stofnað. Af því tilefni hefur verið kynnt nýtt afmælismarki safnsins og ýmsir viðburðir fyrirhugaðir.

7. Önnur mál

Engin önnur mál

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 16:08.
Fundargerð ritaði Vilhjálmur Jónsson